



812 milljónir í hagnað fyrir tekjuskatt á 3 ársfjórðungi 2011.

Hagnaður N1 hf. á 3ja ársfjórðungi 2011 var 812 millj. kr. fyrir skatta, samanborið við 465 millj. kr. á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður eftir skatta á fjórðungnum var **628** millj. kr samanborið við **390** millj. kr. á sama tímabili í fyrra. Hagnaður eftir skatta fyrstu 9 mánuði ársins 2011 var 6.094 millj. kr að meðtöldum áhrifum af fjárhagslegri endurskipulagningu að fjárhæð 4.822 millj. kr.

Veltufé frá rekstri fyrstu 9 mánuði ársins var **1.899** millj. kr. en var **347** millj. kr. árið áður.

Eigið fé félagsins var **14.950** millj. kr. 30. september 2011 og eiginfjárlutfall **47,8%**

Fjárhagslegri endurskipulagningu N1 lauk um mitt ár 2011. Félagið er í dag í eigu **66** hluthafa og stefnt er að skráningu hlutabréfa félagsins í Kauphöll innan tveggja ára.

N1 hf. lykilstærðir (þús. kr.) án áhrifa fjárhagslegrar endurskipulagningar

Rekstrarreikningur

	Þrjú ársfjórðungar		Þriðji ársfjórðungur	
	2011 1/1 - 30/9	2010 1/1 - 30/9	2011 1/7-30/9	2010 1/7-30/9
Vörusala.....	42.213.214	35.982.895	17.646.041	14.037.536
Kostnaðarverð seldra vara.....	(34.942.797)	(29.438.668)	(14.789.028)	(11.658.884)
Framlegð af vörusölu.....	7.270.417	6.544.227	2.857.013	2.378.652
Rekstrargjöld.....	(5.357.421)	(5.589.661)	(1.908.132)	(1.967.996)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði.....	1.912.996	954.566	948.881	410.656
Afskriftir.....	(439.664)	(382.000)	(188.353)	(127.333)
Rekstrarhagnaður.....	1.473.332	572.565	760.528	283.322
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld).....	261.521	(338.782)	51.448	181.735
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	1.734.853	233.783	811.976	465.057
Reiknaðir skattar.....	(462.884)	(34.865)	(183.908)	(75.171)
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	1.271.970	198.918	628.068	389.886

Efnahagsreikningur

	30.09.2011	31.12.2010
Eignir		
Fastafjármunir.....	15.669.560	6.109.986
Veltufjármunir.....	15.591.808	10.786.695
Eignir alls.....	31.261.368	16.896.681
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé.....	14.950.495	(5.186.190)
Skuldbindingar.....	402.243	60.485
Langtímaskuldir.....	8.359.491	395.516
Skammtímaskuldir.....	7.549.139	21.626.870
Eigið fé og skuldir.....	31.261.368	16.896.681
Eiginfjárlutfall.....	47,82%	-30,69%
Veltufjárlutfall.....	2,1	,5

	2011 1/1 - 30/9	2010 1/1 - 30/9
Sjóðstreymi		
Veltufé frá rekstri.....	1.899.197	346.652
Handbært fé frá rekstri.....	1.473.960	448.965
Fjárfestingarhreyfingar.....	(345.496)	(328.299)
Fjármögnunarhreyfingar.....	(85.791)	(565.438)
Breyting á handbæru fé.....	1.042.673	(444.773)



Árshlutareikningur N1 hf. fyrir 1. janúar til 30. sept 2011

Árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið hefur verið staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra og er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Rekstur

Rekstrartekjur félagsins nema 42.213 millj. kr. samanborið við 35.983 millj. kr. fyrstu 9 mánuði ársins 2010, sem er 17,3% aukning á milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nemur 1.913 millj. kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 955 millj. kr. fyrstu 9 mánuði ársins 2010. Hagnaður á tímabilinu nam 1.272 millj. kr. eftir skatta á móti 199 millj. kr. hagnaði fyrstu 9 mánuði ársins 2010. Fjármagnsliðir eru jákvæðir um 262 millj. kr. á tímabilinu en voru neikvæðir um 339 millj. kr fyrstu 9 mánuði ársins 2010.

Eignir

Bókfært verð eigna félagsins í 30. september 2011 nam 31.261 millj. kr. samanborið við 25.905 millj. kr. 30. september 2010.

Eigið fé

Eigið fé þann 30. september 2011 var 14.950 millj. kr. samanborið við 6.837 millj. kr. þann 30. september 2010. Eiginfjárlutfall 30. september 2011 var 47,8%.

Skuldir

Í lok september 2011 námu heildarskuldir og skuldbindingar 16.311 millj. kr. og þar af námu langtímaskuldir 8.762 millj. kr.

Staða og horfur

Rekstrarhorfur á 4. ársfjórðungi þessa árs eru áfram erfiðar vegna samdráttar í eftirspurn í hagkerfinu, en það er mat félagsins að íslenska hagkerfið sé búið ná botni í því samdráttarskeiði sem hófst í kjölfar falls bankakerfisins í lok ársins 2008, en mikil óvissa er um hve lengi hagkerfið verður að rétta sig af. Rekstur N1 veltur mikið á því að umsvif fari að aukast á nýjan leik og hagvöxtur fari að taka við sér af krafti, en blikur eru á lofti, sérstaklega í Evrópu, sem ekki sér fyrir endann á.

Nánari upplýsingar veita Hermann Guðmundsson forstjóri og Eggert Þór Kristófersson framkvæmdastjóri fjármálasviðs í netföngum hermann@n1.is og eggert@n1.is